

Gamlar og nýjar athuganir á orðaforða á austanverðu landinu

Um áratuga skeið var unnið að sögulegri orðabók á Orðabók Háskólans sem nú kallast orðfræðisvið innan Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þótt mest áhersla hafi verið lögð á söfnun úr ritmáli beindist athyglin jafnframt að þeim staðbundna eða svæðisbundna orðaforða sem varðveist hefur í mæltu máli. Sú söfnun fór að mestu fram í tengslum við útvarpsþáttinn „Íslenskt mál“ sem var á dagskrá vikulega frá fyrsta vetrardegi og fram í maí í rétt tæpa hálfa öld. Auk þess var safnað úr óprentuðum dagbókum, orðalistum frá heimildarmönnum og öðru slíku efni sem rak á fjörurnar. Ekki hefur verið unnið skipulega úr þessum fróðleik og bíður þar mikið efni úrvinnslu. Vissulega hafa margar greinar verið skrifaðar og birtar t.d. í tímaritunum *Íslenskri tungu* og *Íslensku máli* en einnig í ýmsum afmælisritum og nemendaritgerðum. Minna má á að Ásgeir Blöndal Magnússon, fyrrum orðabókarritstjóri, notaði talmálssafn stofnunarinnar skipulega er hann vann að *Íslenskri orðsifjabók*. Hann mat heimildarmennina svo mikils að hann tileinkaði þeim sitt mikla verk. Aftan við titilsíðu er síða sem á stendur: „Verk þetta er tileinkað heimildarmönnum Orðabókar Háskólans.“ Þeir voru að sjálfsögðu úr öllum landshlutum eða áttu rætur að rekja til ákveðinna héraða eða sveita. Við Gunnlaugur Ingólfsson gerðum könnun árið 1986 á fjölda heimildarmanna sem annaðhvort höfðu skrifað stofnuninni eða hringt til flytjenda þáttanna og voru þeir þá 2367, þar af 300 af Austurlandi, og áttu fleiri eftir að bætast við. Uppskeran er á 3ja hundrad þúsund seðlar í talmálssafni stofnunarinnar.

En Orðabók Háskólans var ekki fyrst til að safna úr talmáli. Aðrir höfðu farið á undan löngu fyrr og látið eftir sig mikilvæga vitneskju um orðafar og ýmis máleinkenni sem annars hefðu lent í glatkistunni. Í því sem hér fer á eftir ætla ég að geta fimm manna, sem skráðu á blöð einstök orð, orðasambönd og beygingarleg einkenni úr mæltu máli og halda mig að mestu við það sem þeir hafa skráð sem orðaforða eða orðmyndir á austan- og suðaustanverðu landinu. Þessir menn eru danski málfræðingurinn Rasmus Kristján Rask, Þorvaldur Thoroddsen jarðfræðingur, Björn M. Ólsen málfræðingur og fyrsti rektor Háskóla Íslands, Hallgrímur Scheving kennari í Lærða skólanum og Jóhannes Daníelsson sem ég kynni betur rétt á eftir. Ekki er hér ætlunin að gera heildarúttekt á athugunum þessara manna heldur ætla ég að benda á nokkur atriði sem vöktu athygli þeirra. Mikil vinna er fyrir hendi áður en unnt er að gera staðbundnum orðaforða góð skil en hluti þeirrar vinnu felst í því að athuga hvað til er af efni og huga að því sem aðrir hafa skráð hjá sér.

Rasmus Kristján Rask ferðaðist um Ísland sumurinn 1814 og 1815 til að kynna landi og þjóð og skrifaði hjá sér í hverjum landshluta orð sem vöktu athygli hans. Safn hans er mikilvæg heimild um ákveðinn hluta orðaforðans í upphafi 19. aldar og gaf Jón Helgason, prófessor í Kaupmannahöfn, það út árið 1960 í ritinu *Opuscula* ásamt fjórum öðrum orðasöfnum frá 18. og 19. öld. Safn Rasks er varðveitt í Konunglega safninu í Kaupmannahöfn í kveri sem er alls 20 blaðsíður. Ekki er þó skrifað á öll blöðin og svo virðist sem Rask hafi með vilja skilið eftir rúm fyrir viðbætur. Mismikið er skrifað úr hverjum landsfjórðungi, t.d. aðeins tvö orð í kaflanum um Suðurland. Langflest orð eru skráð undir fyrrisögninni „Paa Østerlandet“ og nær sá kafla yfir sex síður (11B16). Austasti hluti Suðurlands fylgdi Austurlandi eins og fjórðungaskiptin voru þá. Á 16. síðu eru nokkrar athugasemdir um beygingu og orðmyndir á Austurlandi.

Rask vísar á nokkrum stöðum til heimildarmanna með skammstöfunum, t.d. R. Svd. og R., Sch., Sv. P., Benedikt Stúd. og J. St. Sch. er Hallgrímur Scheving, Sv. P. er Sveinn Pálsson (1762B1840) sem bjó í Vík í Mýrdal, Benedikt stúd(ent) er líklega Benedikt Bergsson (1788B1828), J. St. sennilega Jón Stefánsson á Djúpavogi en hver R. eða R. Svd. muni vera tókst Jóni Helgasyni ekki að hafa upp á. Oft er einnig vísað til B. H. en þar er átt við orðabók Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal.

Ekki er þess getið hvaðan af Austurlandi Rask hafði orð sín og beygingarmyndir og hafa verður í huga að hann hafði íslensku ekki að móðurmáli. En hann var athugull og gera má ráð fyrir að hann hafi spurst fyrir þegar hann heyrði eitthvað ókunnugt. Nokkur þeirra orða sem hann skrifaði frá Austurlandi ætla ég að ræða um á eftir en snúa mér fyrst að athugasemdunum á síðu 16. Þar nefndi Rask fáein atriði sem vakið höfðu athygli hans. Eitt þeirra var myndun viðtengingarháttar þátíðar af sterkum sögnum sem beygjast eftir annarri hljóðskiptaröð. Endingin væri *-æði* í stað *-æi*, þ.e. „, dædi, hlædi, slædi, siædi (for sægi), þædi (af þádi), men ikke Ordet liggia.“

Mörgum árum síðar eða 1892 var Björn M. Ólsen á ferð um Austurland til að safna staðbundnum orðum úr mæltu máli en ætlun hans var að safna til orðabókar yfir talmálið. Hann ferðaðist víða og skrifaði hjá sér í 40 vasabækur það sem honum þótti athyglisvert af orðfæri og beygingum. Orðfæri af Austurlandi skrifaði hann í fleiri en eina vasabók og meðal annars sams konar sagnmyndir og Rask hafði tekið eftir, þ.e. *slæði* og *dæði* fyrir *slægi* og *dæi*. Inni í einni vasabókinni, þeirri sem merkt er xviii, liggur orðalisti með um 180 orðum, merktur Jóhannesi Daníelssyni. Björn M. Ólsen hefur skrifað á listann: „Austf. mest úr Reyðarf.“. Jóhannes þessi mun hafa verið sonur Daníels

Halldórssonar frá Hrafnagili, sem fluttist austur með foreldrum sínum 1881. Hann var því aðkomumaður og næmur á það sem hann ekki þekkti úr eigin máli. Öðrum lista frá Jóhannesi er stungið í aðra vasabók. Á honum eru mun færri orð eða aðeins 22. Ýmsar viðbótarfærslur hafa verið skráðar með blýanti inn í lengri listann, sennilega af Birni sjálfum, orðin borin undir heimildarmann og merkt við ef hann þekkti þau. Oftast eru skrifaðir með blýanti stafirnir Bv. En fyrir kemur á nokkrum stöðum nafnið Björgvin. Á fáeinum stöðum hefur hann bætt inn „+ Hornaf.“

Á lengri listanum eru tvær sagnmyndir sem Jóhannes hefur séð ástæðu til að skrifa hjá sér, *sjæði* fyrir *sæi* og *vaddi* fyrir *veðjaði* og þar eru einnig fornafnsmyndirnar *hvornugan/hvurnugan* og atviksorð með endingunni - *stana(r)* sem Rask hafði einnig tekið eftir.

Í annarri vasabók, þeirri nr. xvii, er alllangur orðalisti með yfirskriftinni *Hornfirzka frá séra Jóni í Bjarnarnesi*. Á listanum eru á annað hundrað orð merkt Hornafirði. Jón var að uppruna Hrótfirðingur sem tók við Bjarnarnesi 1874 en fékk síðar Stafafell í Lóni og var lengst af kenndur við þann stað. Hann fluttist því í annað málumhverfi líkt og Jóhannes og hefur tekið eftir ýmsu sem honum var framandi. Á lista hans er aðeins að finna sagnmyndina *dæði*. Aðeins aftar í sömu vasabók (bls. 33) hefur Björn bætt við „slæði, præt.conj. af slá. Hornaf.“ Og enn aftar (bls. 57) „sjæði, Hornaf.“

Annar fræðimaður, Þorvaldur Thoroddsen jarðfræðingur, skrifaði hjá sér lista af orðum sem hann heyrði á Austurlandi á ferðum sínum á árunum 1882 og 1894. Þessi listi er prentaður neðanmáls í ferðabók hans og er þar á meðal sagnmyndin *sjæði* fyrir *sæi*.

Ljóst er af þessum heimildum að á 19. öld mátti heyra í máli manna fyrrgreindar sagnmyndir á Austurlandi og á suðausturhorninu. Ég kannaði hvað finnst í söfnum Orðabókarinnar og þetta er afraksturinn:

Í tímaritinu *Múlapingi* 1969 er birtur texti sem sýna á einkenni í máli Austfirðinga. Hann er svona: „Ef eg sjæði að þú læðir hénana á þessum mell, þá dræði mig svo mikið um það eiginleganana að eg dæði náttúrleganana.“ Þarna eru nefndar þrjár af þeim sögnum sem hér hafa verið til umræðu en til viðbótar sögnin að *liggja* sem Rask hafði sérstaklega tekið fram að ekki myndaði viðtengingarhátt þátíðar með -ð. Þarna er verið að draga fram sérkenni í máli Austfirðinga og því fannst mér hugsanlegt að dæmið væri örlítið ýkt og leitaði því að frekari dæmum um *liggja*. Eina dæmi Orðabókarinnar úr prentuðu máli reyndist vera dæmið úr *Múlapingi* en í talmálssafni var einn seðill merktur Árna Óla rithöfundu 1963. Þar segir: „Maður aðkominn í sveitina, sagði alltaf læði

fyrir lægi“. Árni var úr Kelduhverfi og má draga þá ályktun af orðum hans að þessi viðtengingarháttur hafi ekki þekkt þar. Hann gerði sömu athugasemd við *deyja* og *sjá*.

Um *sjá* voru allnokkur dæmi í talmálssafninu. Flest eru þau af Austurlandi og kom fram hjá nær öllum að sagnmyndin væri að hverfa. Kona úr Breiðdal skrifaði t.d. „Ég man eftir því, þegar ég var að alast upp, að þá sögðu sumir sjæði fyrir sæi, en ég held það sé að hverfa. Þó segja sumir þetta enn. Dæði fyrir dæi þekkt líka en alls ekki slæði fyrir slægi.“ Dæmið er frá 1968. Annar heimildarmaður skrifaði um líkt leyti: „Þótt ég sjæði hann ... Þetta hafði ég aldrei heyrt fyrr en ég kom á Fljótsdalshérað, en að minnsta kosti á ofanverðu Héraði er þetta útbreiddur talsmáti.“ Vilborg Dagbjartsdóttir hafði þetta eftir móður sinni á áttræðisaldri 1968: „Mér er sama, þótt ég sjæði aldrei kartöflur, ég jæti þær ekki.“ Og hún bætti við: „Þannig talar móðir mín alltaf. Hún er frá Norðfirði. Ég held hún segi líka dæði og slæði fyrir dæi og slægi.“ Tveir seðlar voru með heimildum úr Rangárvallasýslu. Annar er skrifaður eftir manni á Skeiðum sem þekkti konu úr Rangárvallasýslu nota *sjæði* en sagði slíkt ekki þekkjast í sínum áttihögum. Hinn er frá konu sem þekkti bæði *sjæði* og *dæði* en sagði að þetta heyrðist nú sjaldan. Það ruglar aðeins dæmið að ágætur heimildarmaður úr Hnappadalssýslu skrifar: „Sjæði og dæði sagði stöku maður, einkum dæði, en ég held að það heyrst ekki nú.“ Fá dæmi eru um *sjæði* í ritmálssafni, aðeins tvö ef frá eru talin dæmi Rasks og dæmið úr Múlaþingi. Annað þeirra er úr ritsafni Jónasar Hallgrímssonar þar sem Jónas virðist vera að herma eftir séra Benedikt Eiríkssyni presti í Kálfholti í Rangárvallasýslu en sögnin er sett í gæsalappir. Benedikt fæddist í Austur-Skaftafellssýslu. Hitt er úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar úr sögu sem mun ættuð af Austurlandi.

Aðeins einn seðill var í talmálssafni með heimild um *slæði*. Heimildarmaðurinn var úr Jökuldal. Fjögur dæmi bættust við úr ritmálssafni og má rekja tvö þeirra til Austurlands en eitt til Suðurlands. Fjórða dæmið var langyngst og er úr þýðingu Guðmundar Böðvarssonar á *Tólf kviðum* Dantes. Þar segir:

Vík burt, vík burt því óttans ósjálfræði,
sem í þér býr, kom, sonur, nær og innar.
— Samt stóð ég kyrr, þó sektarkennd mig slæði.

Ekki er gott að segja hvers vegna Guðmundur valdi þessa sagnmynd. Verið getur að hann hafi þekkt hana úr skáldskap og því gripið til hennar en algeng hefur hún ekki verið í Borgarfirði.

Mestar heimildir eru um *dæði* í talmálssafninu. Hún virðist hafa verið vel þekkt á Austurlandi en aðeins eitt dæmi var skráð úr Rangárvallasýslu. Haft er eftir konu úr Grindavík 1968: „Í Grindavík heyrði ég sagt dæði fyrir dæi og maður má gæta sín að segja þetta ekki. Ég hef alls ekki heyrt sjæði fyrir sæi, slæði fyrir slægi, jæti fyrir æti hjá Grindvíkingum. En ég man eftir konu af Austurlandi, sem sagði sjæði, og var hlegið að henni fyrir.“ Í ritmálssafni er elsta dæmi um viðtengingarháttinn *dæði* úr rímum frá 17. öld. Önnur dæmi, sem unnt var að staðsetja, bentu til Austurlands.

Engin dæmi fundust um *dræði*, *flæði* og *hlæði* í talmálssafni. Í ritmálssafni kom aðeins fram dæmið frá Rask, þegar ég leitaði að *hlæði*, en engin um *flæði* eða *dræði*. Ég spurðist sjálf fyrir um þessar sagnmyndir í útvarpsþættinum *Íslenskt mál* veturinn 2004-2005 og fékk lítil viðbrögð. Aðeins einn Austfirðingur hafði samband og mundi eftir *slæði*, *dæði* og *sjæði*. Hann hafði spurst fyrir hjá öldruðu fólki á Egilsstöðum og virtist enginn þekkja þetta lengur. Af þeim heimildum sem úr var að móða virðast engin dæmi um þennan viðtengingarhátt af Norðurlandi og engin af Vesturlandi ef frá er talin eina heimildin úr Hnappadalssýslu og þýðing Guðmundar Böðvarssonar. Sennilega hefur í skólum verið amast við þessari sagnmynd. Málfræðingar tóku misjafnlega sterkt til orða en mest held ég upp á umsögn Jakobs Jóhannessonar Smára kennara og skálds. Hann skrifaði í kennslubók sína í málfræði: „Af nokkrum sterkum sögnum myndast viðth. þát. veikt í talmáli, t.d. *dræði*, *dæði*, *slæði* (f. *drægi*, *dæi*, *slægi*), en slíkt þykir fegurst að varast í ritmáli.“

Rask hafði skráð hjá sér að á Austurlandi segðu menn *sumstannar* og *einhvörstannar* í stað *sums staðar* og *einhvers staðar* og Þorvaldur Thoroddsen nefndi myndina *annarstanna* fyrir *annarsstaðar*. Björn M. Ólsen skráði hjá sér myndirnar *alstana* fyrir ‘alls staðar’, *einxurstanar* f. *einhvurs staðar* og *sumstana* og merkir Austfjörðum og á lista Jóhannesar Daníelssonar eru myndirnar *alstana* og *einhverstana* og skýringarnar *alstaðar* og *einhversstaðar*. Fá dæmi eru um þessar myndir í söfnum Orðabókarinnar. Fyrir utan dæmin frá Rask og Þorvaldi komu fram heimildir um *annarstanna*, *einhverstanna* og *sumstanna* í ævisögu Steinþórs Þórðarsonar á Hala í Suðursveit

Það var engin gestastofa á Hala í þá daga, heldur en víða annarstanna.

Þá var dálítið önnur aðstaða heldur en annarstanna var fram með sandinum.

Og ég man eftir, að mamma sagði einu sinni, að einhverstanna væri nú talað um það.

Nauðsynin var mikil fyrir, heyskapur var lítill víða á jörðum, sumstanna langsóttur.

Allar þessar myndir höfðu verið leiðréttar í útgáfunni á ævisögu Steinþórs. Viðtöl við hann höfðu verið tekin upp á segulband sem Jón Aðalsteinn Jónsson orðabókarstjóri hlustaði á og skrifaði síðan athugasemdir á orðtökuseðlana.

Ef til vill má skýra þessar myndir með tíðni atviksorða með viðskeytinu – *na*. Jóhannes Daníelsson nefndi á lista sínum *áðana, hérnana, núnana, síðana, ævinlegana, þarnana* og hefur væntanlega heyrt þær á Reyðarfirði.

Jóhannes skráði hjá sér myndirnar *hvornugan* og *hvurnugan* = hvorugan og setti í sviga fyrir aftan „(accusat.)“ Björn hefur sett stafina Bv. framan við þannig að áður nefndur Björgvin hefur kannast við þetta. Í ritmálssafni eru til fimm dæmi um myndina *hvornugan*, þ.e. bæði fyrri og síðari liður beygður. Þrjú þeirra eru úr blaðinu *Skuld* frá árunum 1878 og 1888 og *Bjarka* frá 1896 en blöð þessi voru á þessum árum gefin út á Seyðisfirði og Eskifirði. Fjórða dæmið er úr þjóðsögum Sigfúsar Sigfússonar en hið fimmta úr *Gerplu* Halldórs Laxness. Í orðabók Sigfúsar Blöndal eru báðar þolfallsmyndirnar nefndar en ekki er þess getið hvort *hvornugan* sé staðbundin mynd. Hún er ekki nefnd í málfræði Valtýs Guðmundssonar frá 1922. Ef litið er fram hjá dæminu í *Gerplu* benda hinar heimildirnar fjórar til Austurlands en frekari heimilda er þörf til þess að taka af allan vafa. Engin dæmi fundust í Ritmálssafni um *hvurnugan* enda fremur um framburðarmynd að ræða sem síður kemst á prent.

Rask hafði tekið eftir *-j*-innskoti í fornafninu *nokkur*, þ.e. myndunum *nockurium* og *nockuria* eins og hann ritaði það. Aðeins Björn nefnir myndina *nokkurjum* og merkir Skaft. Eins og ég nefndi áðan hefur Rask suðausturhornið með í þeim hluta lista síns sem hann kallar Austurland. Um *-j*- í *nokkurjum*, *nokkurja* má finna dæmi í ritmálssafni Orðabókarinnar. Myndin *nokkurju* kemur t.d. fyrir í ævisögu Steinþórs á Hala sem kom út 1970 og gæti bent til þess að myndir af þessu tagi hafi lifað lengi í Austur-Skaftafellssýslu. Um það vissum við ekki ef Jón Aðalsteinn Jónsson hefði ekki efast um að rétt væri eftir Steinþóri haft í prentaða textanum. Á seðlinum hjá Orðabókinni stendur: „fólkið taldi ekki ólíklegt, að hann hefði farið þar fyrir *nokkurju* vestur lónið fyrir neðan“. Þar fyrir neðan hefur Jón skrifað: „Hef hlustað á segulbandsupptökuna, og þar kemst Steinþór á Hala svo að orði, en í prentaða textanum stendur: *nokkru*.“ Þetta er eitt af mörgum dæmum um að samviskusamir útgefendur, ritstjórar eða prófarkalesarar hafi eytt út staðbundnum orðmyndum í prentuðum texta.

Það sem eftir er tíma míns ætla ég að verja í spjall um staðbundinn orðaforða og byrja á orðinu *mell* sem fram kom í klausunni í Múlaþingi. Jóhannes skráði hjá sér orðið *mell* >melur=. Á orðalistanum stendur: „mell, melur hill í á (hylr) en mölur kvikindið.“ Karlkynsorðið *hyll* er fært inn á lista

Jóhannesar með blýanti við hlið orðsins *mell* þótt það komi fyrir hjá Jóhannesi. Björn hefur einnig bætt við framan við skýringuna >melur= orðinu *grjót-*, þ.e. >grjótmelur=. Í vasabók nr. v er orðið *mell* skráð með hendi Björns „mell, m. = melur; melur, grjóthóll. Austf.“ en orðið *hyll* fannst þar ekki. Ef rétt er skilið hefur Björn álitíð merkinguna >grjóthóll= vera þá sem Austfirðingar nota í orðinu *melur*. Við orðið *hyll* er í orðabók Blöndals skráð „Múl.“ fyrir Múlasýslur. Erfitt er að staðfesta útbreiðslu orðsins þar sem engin dæmi eru í söfnum Orðabókarinnar en af því sem kunnugt er má telja það af Austurlandi. Ásgeir Blöndal leit á orðmyndina sem staðbundna og hefur þar að öllum líkindum stuðst við Blöndal og vasabækur Björns.

Þrjár heimildir eru í Ritmálsskrá um *mell* og er hin elsta þeirra frá Rask. Hann skráði hjá sér: „mell for melr en ufrugtbar Plads med Smaastene men melr om Kornet.“ Báðar hinar heimildirnar vísa til Austurlands. Önnur er úr kvæði eftir Pál Ólafsson, sem hann orti til Vilhjálms Oddsen varaþingmanns Norðmýlinga, en Páll bjó lengst af á Austurlandi:

Dráttvakur er >ann,
og fram úr þeim fer >ann,
þó frosinn sé mellinn,
grjótið og frerann
með sköflunum sker >ann.
Skratti er >ann hnellinn!

Hin þriðja er dæmið úr *Múlapingi*. Ég leitaði einnig á timarit.is og fann dæmi í 10. árgangi af blaðinu Ingólfi frá 1912 haft eftir manni sem var að vísa til vegar. Það er svona: „Þegar þú kemur upp á þenna *mell*, þá sérðu annan *mell*, þegar þú kemur upp á þann *mell*, sérðu ennþá *mell* og þegar þú kemur upp á þann *mell* sérðu skarð og í skarðið áttu að fara.“

Blöndal skráði við orðið „Múl., ASkaft, Af.A Af dæmum í talmálssafni að ráða, sem flest eru frá miðjum sjöunda áratug síðustu aldar, er orðið alltaf borið fram með -dl- og virðist einungis notað á Austurlandi. Að minnsta kosti bærust ekki heimildir annars staðar að. Ýmsir heimildarmenn tóku fram að orðið heyrðist sjaldan nú. Jakob Benediktsson orðabókarritstjóri skrifaði eftir Stefáni Einarssyni prófessor að orðmyndin væri þekkt á Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Norðfirði, Héraði, Skriðdal, Völlum, Eiðapinghá og Hjaltastaðapinghá en Stefáni var ekki kunnugt um hvort hún væri notuð í Vopnafirði, Fljótsdal eða Fellum.

Ásgeir Blöndal virðist gera ráð fyrir því í orðsifjabók sinni að *mell* hafi verið sjálfstæð mynd við hlið *melur*. Engin sambærileg skýring er hjá honum við *hyll*. Líklegra er þó að um síðari samlögun sé að ræða sem komið hafi upp en ekki náð að festa rætur.

Þeir Rasmus Rask og Hallgrímur Scheving þekktust og Hallgrímur var nýfarinn að safna til íslenskrar orðabókar þegar Rask fór í sínar ferðir um landið. Rask nefnir Hallgrím á einum stað í listanum um orð á Austurlandi. Það er við orðið *skjötti* í merkingunni 'poki'. Hallgrímur hefur í orðasafni sínu *skjötti* sem hliðarmynd við *skjatti*, staðfærir það sem Múlasýslumál og segir merkinguna vera 'lítill ferðapoki líkt og tussi'. Orðið *tussi* er reyndar líka merkt hjá honum Múlasýslumál.

Ýmis þeirra orða sem Rask merkir í sínum lista frá Austurlandi eru einnig merkt þannig hjá Hallgrími. Sameiginleg hjá báðum eru orðin:

blá >mýri, flói= (Rask); >stór mýri milli ása=(Sch)

flæja >kelda= (Hunkj. til flói) (Rask); af flói >kelda= (Sch)

gonta >giá, gióta í jördu= (Rask); >lágr bolli eða gjóta= (Sch)

húfa sig >búa sig til= (Rask; >búa sig til. propr. ut videtur: ad setja uppa sig húfuna= (Sch)

klúka >en Sadel höj foran= (Rask); >hnakkr= (Sch)

lumpri >slæmr vetlíngur= (Rask); >slæmr vetlíngur= (Sch)

viðartanni >skógarkvistr= (Rask, Sch)

þæri >skammrif= (Rask); >Síða= (Sch.)

öfugsnáða >lamb á fiall rekið, sem ullin rotnar af sama sumar, er svo snodid á hausti= (Rask); >snodið afréttarlamb= (Sch.)

Ekki er unnt að segja til um það hvort þeir Hallgrímur og Rask hafi skipst á orðum. Hallgrímur nefnir enga heimildarmenn en Rask fáa eins og áður hefur komið fram. Enginn tími er til að fara nánar í öll þessi orð í dag og umfjöllun um þau verður að bíða. Ég ætla aðeins að nefna tvö orð enn af lista Jóhannesar.

Aftast á lengri lista Jóhannesar er skráð orðið *barnagull* og skýringin >vinstrarsigga=. Í orðabók Blöndals hefur þessari merkingu verið bætt við í viðauka og merkt Af. (= Austfirðir). *Vinstrarsigga* er ekki flettiorð í Bl. en það eru aftur á móti orðin *vinstrargull*, sem merkt er Breiðdal, *vinstrarkjálki*, *vinstrarsnókur*, sem merkt er Skaftafellssýslum, og *konugóður*. Í Rm er *barnagull* aðeins að finna í merkingunum >leikfang= og >stafrófskver=. Ef flett

er í Tm finnast flest þessara orða og önnur til, og eru þau notuð um þann hluta vinstrarinnar sem næstur er görnunum. Það er mjó tota sem börn fengu oft þegar slátur var soðið, einkum lifrarpylsa, og þaðan mun nafnið komið.

Spurt hefur verið um heiti á þessum hluta vinstrarinnar í útvarpsþættinum um íslenskt mál. Allnokkur dæmi fengust um *barnagull* og voru þau öll af Austurlandi. Það orð má því með nokkurri vissu teljast bundið við Austurland. Sama er að segja um orðið *barnagaman* sem tvö dæmi eru um af Langanesi og af Héraði.

Þótt önnur heiti á vinstrartotunni snerti ekki orðið *barnagull* sérstaklega verður nokkurra þeirra þó getið og útbreiðslu þeirra. Ekkert af þeim finnst í Rm í þessari merkingu. Jóhannes Daníelsson virðist hafa þekkt orðið *vinstrarsigga* sem hann notar sem skýringu. Hugsanlega hafði Blöndal það af listanum en önnur dæmi hafa ekki komið fram. Aftur á móti er algengt um allt Norðurland, Vestfirði og Vesturland að kalla vinstrartotuna *Siggu*. *Vinstrarkjálki* þekktist á Suðurlandi en *vinstrarsnókur*, eða aðeins *snókur*, í Norður-Þingeyjarsýslu, Suður-Múlasýslu og í Skaftafellssýslum. Um *vinstrarskott* var aðeins dæmi úr Árnassýslu og um *vinstrartotu* úr Rangárvallasýslu en þar þekktist einnig orðið *barnastrýta*. *Vinstrargull* hef ég aðeins rekist á í Bl. merkt Breiðdal.

Konugóði, *konugói*, *kvennagóði* og *kvennagoða* eru öll notuð um vinstrartotuna en ekkert þeirra er í Tm merkt Austurlandi. Ekkert dæmi fannst í Tm um *konugóður* sem Blöndal nefnir.

Af því sem hér hefur verið tekið saman má sjá að *barnagull* er nær einrátt á Austurlandi. Til glöggvunar setti ég öll orðin um vinstrartotuna í töflu.

Á lengri listann hefur Jóhannes skrifað: „vel, stjél (á fugli) (ekki vjel).A Björn M. Ólsen hefur bætt við með blýanti: „Bv. AÆfinlega vjel@@. Við þessa merkingu hvorugkynsorðsins *vel* hefur Blöndal skráð „Af., ASkaft.A Í vasabók xviii eru myndirnar *vel* og *vél* skráðar og sagt að báðar séu notaðar í ASkaft. í þessari merkingu. Í vasabók nr. xvii er aðeins myndin *vél* skráð og sögð notuð í Hornafirði, Örfum og ASkaft. Ásgeir Blöndal merkir *vel* sem staðbundið orð. Engin dæmi eru um það í Tm en í Rm eru til sex dæmi sem öll benda til Austurlands. Fimm þeirra eru úr blaðinu *Skuld* í grein um fugla en blaðið kom þá út á Eskifirði. Hvorugkynsorðið *vél* er vel þekkt víða um land af dæmum í Rm að telja. Í *Íslenskri orðabók* var *vel* merkt staðbundið en í þriðju útgáfu var sú merking tekin burt. Ekki er unnt að sjá af gögnum að *vel* sé ekki lengur staðbundið en flest bendir til að það sé af austan- og suðaustanverðu landinu.

Ég hef nú tekið fáein dæmi af orðum og beygingarmyndum sem safnararnir gömlu merktu Austur- og Suðausturlandi. Mikið er enn óunnið úr

þeirra gögnum og öðrum. Því lengur sem það dregst að vinna úr staðbundnu orðafari þeim mun meira á eftir að glatast. Það er hluti af máli okkar og menningu sem ástæða er til að rækta og rannsaka.

